

Og þegar vér svo berum saman við þetta félagslíf vort, þá hljótum vér að viðurkenna, að mikil hið sama á sér stað. Hvað eru margir Íslendingar hér vestan hafs? Það er sagt, að vér sé um hér um 30,000. Af þeim eru hvað margir í kyrkjufélaginu? Ekki fjórði partur. En hví eru ekki hinir með? Vegna þess að þeir eru trúarlega kviksettir, þeir sá ekki af sér, að játa afdráttarlaust allar kenningar lúthersku kyrkjunnar, eins og þær eru fluttar hér.

Það væri sjálfsagt allt of djúpt í árinni tekið, að segja hið sama um lúthersku prestana íslenzku, og Dr. Steiner segir um þá þýzku, því það er áreiðanlegt, að það er enginn þeirra svo, að ekki vildi hann heill þjóðar vorrar, ef sú heill þyrfti ekki að koma í bága við heill kyrkjufélagsins.

En eitt mættum vér setja hér til skýringar, og það er, að hverri kyrkju væri það miklu stærri heiður, að vera svo stór og viðtæk í hluttekningu sinni í sálarþörfum manna, að þjóðin geti fundið til þess, að innan hennar veggja geti hún búið með opnum augum og góðri samvizku, heldur en þótt henni tækist að viðhalda nafni, er henni var upphaflega veitt í háðungarskyni og sem verður henni að örlagadómi, er aldir rænna, vegna þeirrar fórnsferingar, er goði því er gjörð.

Vér Íslendingar erum flestir lesandi. Bókstafurinn er ekki lengur vort uppáhaldsgoð. Oss vantar andann. Oss vantar innenninguna andlegu og veraldlegu. Vér þurfum samvinnu og siðfágun, svo oss beri ekki ofan í mannfélagsgrómið; svo ekki verði innlenda þjóðin knúð til þess, að bæta oss inn í verkahring sinna „Slum-workers“, hvorki á andlega eða veraldlega vísu.

En hvað stoðar að segja, að vér þörfnumst alls þessa. Hér búum vér á sundrung, með sundrung í sál og hjarta; helmingurinn hábundinn, helmingurinn kviksettur, af því sumir gátu að eins sagt „Sibboleth“ í stað þess að segja „Shibboleth.“

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári of kostar \$1 árgangurinn. — Í útgáfunefnd eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg.

Ritstjóri sínar Rögnvoldur Pétursson, Winnipeg.

Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, 663 Furby st., og eru allir áv solumen og kaupendur ritsins bedrir að snúa sér til hans því viðvirkjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.